

## Tól og tæki



# Hjörtur skoðar smávaxið snjómoksturæki

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem les þetta Bændablað að Búnaðarþing var sett sunnudaginn 28. febrúar. Í vikunni fyrir þingið snjóaði nokkuð hér í borg Bændahallarinnar og fannst mér það ekki afleitt hugmynd að prófa snjómoksturæki til að snyrta fyrir komu tiginna gesta til hallarinnar.

Laugardaginn 27. febrúar leitaði ég til fyrirtækisins Orkuvers, sem hefur nýverið tekið við umboðinu á MultiOne-smávélum. MultiOne-smávélur eru fánlegar í mjög mörgum stærðum, allt frá 14 hestafli vél og upp í 70 hestöfl. Áður en ég sótti vélinna hafði ég kíkt inn á heimasíðu Orkuvers ([www.orkuver.is](http://www.orkuver.is)) og sá þá á myndum af vélunum að þær væru húslausar. Tók ég því með mér kuldagalla, en vélin var með hús sem hægt er að panta á SL-vélarlinuna, sem samanstendur af fjórum vélum og kostar rúm 500.000. Vélin sem ég prófaði heitir MultiOne SL835 og er ein af stærri vélunum sem Orkuver selur. Vélin var útbúin með snjóblásara að framan og salt-sandkassa að aftan.

Ég byrjaði á að þreifa mig áfram með virkni tækisins á um eins metra djúpum skafli á bílastæðnum og kom það mér á óvart hversu auðveldlega það sullaði snjónum út frá sér til hliðar, en inni í vélinni er hægt að stýra því með rafmagni hvernig blásturstúðan snýr. Þegar ég taldi mig vera orðinn slarkferan á vélinna skellti ég mér að aðalinnanganginum og blés í burtu snjónum þaðan, en á því svæði var búið að salta götuna og reyndist saltblandaður snjór vera vélinni erfiður, en með því að fara nógu hægt sendi blásarinn þennan þunga snjól vel út fyrir kantsteininn. Mér fannst þetta tæki svo magnað að ég vildi sýna það vini mínum Viggó Erni Viggóssyni hjá Jarðafli ehf., en hann hefur mokað snjó af bílaplönunum í mörg ár. Viggó prófaði vélinna smávegis, varð strax hugfanginn af tækinu og sagði að það væri sniðugt í gangstéttaðustur fyrir smærri verktaka og sveitarfélög, eins og til dæmis Ólafsvík.

## MultiOne SL 835 – niðurstaða:

### Jákvæðir punktar:

Vélin er lipur og þarf ekki mikið pláss til að snúa við. Auðvelt að stjórna og stjórnæki á þægilegum stöðum. Ég mæli með þessari vél fyrir t.d. búnaðarfélög, sveit-

### Vélar og tæki

Hjörtur L. Jónsson



hlj@bondi.is



Viggó prófar tækið og verður strax hugfanginn af því.



Hjörtur hreinsar hótelpianið.

Þegar ég var orðinn stoltur af hreinsun minni fyrir framan hótelið fór ég á bílastæði þar sem ekkert salt var í snjónum og það var mun auðveldara fyrir vélinna að blása þannig snjó. Á þessum tímupunkti var farið að slydda svo mikið að snjórinn var orðinn bæði blautur og þungur. Samt réði vélin ágætlega við þetta, en með svona blautan snjó var ég helmingi lengur en þegar ég byrjaði að blása snjónum í burtu. Eg var orðinn nokkuð ánægður með þessa prufu hjá mér, setti vélinna upp á kerruna og hugð-

ist skila henni. Á leiðinni í Orkuver snjóaði svo mikið að ég hugsaði með mér að eflaust væri strax aftur kominn jafn mikill snjór þar sem ég hreinsaði, og það stóð heima; þegar ég kom til baka var ekki hægt að sjá mikil ummerki eftir mig, alla vega hafði Haraldur formaður Bændasamtakanna ekki orð á því við setningu á Bændaþinginu að það væri vel mokað fyrir framan hótelið.

Eftir stutt kynni mín af þessari vél á ég bara eitt orð yfir hana: snilld. Þó svo að ég hafi verið klaufi að stýra vélinni í fyrstu – vélin er liðstýrð með afturendanum, en flestar vélur með liðstýringu eru akkúrat öflugar miðað við þessa vél. Það sem mér finnst mest heillandi við vélinna er hversu marga hluti er hægt að setja bæði framan og aftan á hana. Þeir í Orkuveri eru að byrja með leigu og spurði ég Jens sölustjóra út í væntanlega leigu og hvort allir aukahlutir passí á allar vélar.

Jens svaraði nokkum veginn á þessa leið: Á leigunni verða bæði MultiOne-vélar og mikið úrval fylgihluta. Við erum að byggja þetta upp og auðvitað kemur reynslan til með að ráða úrvalinu í framtíðinni. Nú þegar eru eftirtaldir hlutir í húsi: nokkrar misstórir MultiOne-vélar, 4 gerðir sláttuvéla, sandskóflur/snjóskóflur og opnanlegar skóflur, moðgafflar, trjáklurari, limgerðisklippur, lyftaramastur með 2ja tonna lyftiget, gröfubakkó, stauraborar, staurahamarar, steypuhrærvélur, snjóblásarar, salt/sanddreifarar, skekkjanleg ýtblöð, rúllubaggagrep, baggaspjót, lyftaragafflar o.fl.

Allar MultiOne-vélar eru með sömu „festiplötunni“ og ganga því allir fylgihlutir á allar vélar. Þó verður að hafa þann fyrirvara á að fylgihlutir eru misstórir og þurfa mismikið afl og getur það útilokað minni vélar frá ákveðnum stærðum af fylgihlutum.

Svo er það verðið, en ódýrasta vélin er á 1.570.000 og sú dýrasta á 6.600.000. Vélin á meðfylgjandi myndum, sem ég prófaði, kostar með einni skóflu og án húss 4.411.000.

arfélög og smærri verktaka, sérstaklega vegna aukahluta sem hægt er að fá leigða hjá umboðinu Orkuveri.

### Neikvæðir punktar:

Það eina sem mér líkaði ekki við vélinna var að ekki var hægt að blása hita frá miðstöðinni upp á rúðurnar, en töluverð móða myndaðist inni í húsinu og þurfti ég að vera með handklæði til að þurrka hana.